

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/22/EB

frá 17. apríl 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga IV. og VI. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,að höfðu samráði við vísindanefndina um neysluvörur,^{so}

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ⁽²⁾, vísindanefndin um neysluvörur, skilaði álitu varðandi örugga notkun rotvarnarefnisins joðprópýnýlbútýlkarbamats (IPBC) í snyrtivörum og niðurstaða hennar var sú að dagskammtur lífaðgengilegs joðs úr snyrtivörum ætti ekki að fara yfir 20% af ráðlögðum dagskammti, sem er 150 µg, og að ekki skuli nota joðprópýnýlbútýlkarbamati í vörur til munnhirðu eða umhirðu vara.
- 2) Með hliðsjón af því að skráin yfir rotvarnarefni, sem leyfð eru í snyrtivörum, skal ekki vera of takmörkuð en váhrifin af joði úr joðprópýnýlbútýlkarbamati skulu heldur ekki vera of mikil skal breyta gildandi færslu nr. 56 í VI. viðauka til samræmis við það.
- 3) Natriumjoðat og litgjafinn CI 45425 innihalda joð og, eins og sakir standa, er natriumjoðat skráð í VI. viðauka sem heimilað rotvarnarefni og CI 45425 í IV. viðauka

sem heimilaður litgjafi. Þar eð hagsmunaaðilar hafa ekki sýnt því áhuga að verja notkun þessara efna og vísindanefndin um neysluvörur telur nauðsynlegt að draga úr váhrifum af joði úr snyrtivörum skal draga heimildirnar til baka.

4) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. og VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 18. október 2008 setji hvorki framleiðendur né innflytjendur, sem hafa staðfestu í Bandalaginu, á markað snyrtivörur sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessar vörur verði ekki seldar eða þeim ráðstafað með öðrum hætti til neytenda eftir 18. apríl 2009.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. janúar 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

⁽¹⁾ Stj.útd. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/17/EB (Stj.útd. ESB L 82, 23.3.2007, bls. 27).

⁽²⁾ Stj.útd. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. apríl 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. hluta IV. viðauka falli litgjafinn CI 45425 brott.
- 2) Eftirfarandi breyting er gerð á 1. hluta VI. viðauka:
 - a) tilvísunarnúmer 10 falli brott,
 - b) eftirfarandi komi í stað tilvísunarnúmers 56:

Tilvísunarnúmer	Efni	Leyfilegur hámarksstyrkur	Takmarkanir og kröfur	Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
a	b	c	d	e
„56	joðprópýnýlbútýlk arbamið (IPBC) 3-joð-2- própýnýlbútýl- karbamat CAS-númer: 55406-53-6	a) Vörur sem á að skola af eftir notkun: 0,02% b) Vörur sem á ekki að skola af eftir notkun: 0,01%, nema í lykteyðum/svita vörn: 0,0075%	Má ekki nota í vörur til munnhirðu eða umhirðu vara. a) Má ekki nota í efnablöndur fyrir börn yngri en þriggja ára, að undanskildum baðvörum/sturtusápu og hárfvottalegi. b) — Má ekki nota í fljótandi hörundsáburð (body lotion) og hörundskrem (body cream) (*) — Má ekki nota í efnablöndur fyrir börn yngri en þriggja ára	a) „Má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja ára“ (**) b) „Má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja ára“ (***)

(*) Varðar allar vörur sem ætlast er til að séu bornar á stóran hluta líkamans.

(**) Einungis fyrir vörur, fyrir utan baðvörur/sturtusápu og hárfvottalög, sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.

(***) Einungis fyrir vörur sem gætu verið notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.“